

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði bæjarþingsdómur á að vera ómerkur, enda ber héraðsdómaranum að taka málið upp að nýju og leggja dóm á það að efni til.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn Sverrir Ragnars, kaupmaður á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útg. 8. f. m., gegn stefndum útgerðarmanni, Karli Magnússyni, Siglufirði, til greiðslu leiguskuldar, að upphæð kr. 810.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1937 til greiðsludags, og málskostnaðar.

Málavexti tjáir stefnandi þá: að hann hinn 19. nóv. 1936 hafi leigt stefndum m/b „Leif“ E. A. 398, og standi hin umstefnda krónuupphæð eftir af leigunni.

Stefndur Karl Magnússon mætti ekki við þingfestinguna og enginn fyrir hans hönd.

Rétturinn litur þannig á, að eftir eðli þessa máls hafi átt að leggja það til sátta fyrir sáttamenn samkv. 5. gr. laga nr. 85/1936, en þetta hefir ekki verið gert. Ber því að vísa málinu frá réttinum.

Mánudaginn 12. apríl 1937.

Nr. 192/1936. Réttvísir (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Þorsteini Jóhannessyni og Gunnlaugi

Oddsens Vilhjálmi Eyjólfssyni

Þjófnaður.

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. nóvember 1936:
Ákærðir, Þorsteinn Jóhannesson og Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólfsson, sæti hvor um sig 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Refsingu ákærðs Þorsteins skal frestað, og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 1907 eru haldin.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Ingólfs Jónssonar cand. jur., 50 kr. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærðu hafa gerzt sekir um verknað þann einn, sem lýst er í 231. gr. 4. tölul. hinna almennu hegningarlaga, og ákveðst refsing ákærða Þorsteins Jóhannessonar samkvæmt 7. gr. laga nr. 51 frá 1928, en refsing ákærða Gunnlaugs O. V. Eyjólfssonar samkvæmt 7. gr. sbr. 8. gr. sömu laga.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í forsendum hans. Hinum ákærðu ber in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 80,00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Þorsteinn Jóhannesson og Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólfsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, kr. 80,00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn þeim bifreiðastjórunum Þorsteini Jóhannessyni, til heimilis Laugavegi 33, og Gunnlaugi Oddsen Vilhjálmi Eyjólfssyni, til heimilis Laugavegi 33 B, fyrir brot gegn 23. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 51, 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðbæti við hana.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Þorsteinn er fæddur 1. maí 1901, en Gunnlaugur 14. ágúst 1909. Þeir hafa áður sætt kærnum og refsingum eins og hér segir:

Þorsteinn Jóhannesson:

- 1932 $1\frac{1}{2}\%$ Kærður fyrir sölu og vörzlu bruggaðs áfengis. Lokið án sakfellingar vegna sannanaskorts..
- 1932 $1\frac{1}{2}\%$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
- 1933 $1\frac{1}{2}\%$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðareglum.
- 1934 $\frac{3}{4}$ Tilkynnti sjálfur ökuslys. Mál ekki höfðað, en hlutaðeigandi váttryggingarfélag greiddi skaðabætur.
- 1936 $\frac{8}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Gunnlaugur O. V. Eyjólfsson:

- 1922 $\frac{3}{4}\%$ Áminning fyrir ógætni með eld.
- 1926 $3\frac{3}{4}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 276. gr. sbr. 272. gr. sbr. og 38. gr. og 22. gr. hinna almennu hegningarlaga frá $2\frac{1}{2}\%$ 1869.
- 1929 $\frac{1}{2}\%$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1929 $2\frac{7}{10}\%$ Sætt 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1930 $1\frac{1}{4}\%$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
- 1930 $\frac{1}{11}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir samskonar brot.

- 1930 $1\frac{1}{2}$ Áminning fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
 1930 $1\frac{6}{12}$ Sætti 15 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
 1931 $1\frac{6}{12}$ Dómur hæstaréttar: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og in solidum 25 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51, 1928.
 1935 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Afgr. með skaðabót.
 1936 $1\frac{3}{4}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Afgr. með skaðabótum.
 1936 $1\frac{4}{6}$ Sætt 40 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt og ósvífni við lögreglu.

Aðfaranótt þess 8. þ. m. fóru ákærðir inn á bifreiðastöðina Heklu og stálu þar nokkru af tóbaki: Kl. um 4 um nóttina komu þeir saman hingað til bæjarins úr Hafnarfirði, og var Þorsteinn þá drukkinn, en Gunnlaugur hafði ekki smakkað vín. Fóru þeir á bifreiðastöðina og föluðu þar sigarettur, en fengu ekki. Stakk þá Þorsteinn upp á því, að þeir nörruðu bifreiðarstjóra þá, er á stöðinni væru, burt þaðan, og framkvæmdi hann það á þann hátt, að hann pantaði simleiðis bifreið inn að Rafstöð og aðra inn að Lauganesi, en tveir menn höfðu vakt á stöðinnni. Því næst fóru þeir að stöðinni í bifreið, er Gunnlaugur ók. Fór Þorsteinn fyrst inn, og fékk áður lyklakippu Gunnlaugs, en einn lykill hans gekk að skránni. Hefir Þorsteinn ekki talið sig geta sagt um, hvort hurðin hafi verið ólæst eða hann hafi notað lyklna, en maður sá, sem síðastur yfirgaf stöðina, hefir borið það sem vitni í málinu, að hann hafi einlæst hurðinni um leið og hann fór. Gunnlaugur fór inn á eftir og var Þorsteinn þá búinn að opna skúffu þá, sem tóbaksvörur bifreiðastöðvarinnar voru í. Hefir stöðvarstjórinn borið það, að skúffunni hafi verið læst um kvöldið og eins hafi hún verið læst morguninn eftir og hafi lykillinn að henni verið geymdur í annari skúffu, er einnig var læst. Þorsteinn hefir aftur á móti neitað því að hafa haft lykil að skúffunum, en hefir að öðru leyti ekki talið sig muna, hvernig hann komst í þær.

Ákærðir tóku svo í sameiningu allar þær tóbaksvörur, er í skúffunni voru, og fóru með þær heim til Þorsteins,

en fleygðu þeim í sjóinn eftir að lögreglan hóf rannsókn í málinu. Taldi stöðvarstjórinn það vera kr. 29,00 virði, og hefir Gunnlaugur greitt það undir rannsókn málsins. Einnig tóku þeir félagar af stöðinni rjólbita, sem varð síðan eftir í bifreið Gunnlaugs og hefir nú verið skilað í hendur stöðvarstjórans. Þá hefir Þorsteinn og greitt stöðinni kr. 7,50 fyrir biltúrana, samkvæmt kröfu stöðvarstjórans. Skaðabótakrafa liggur því ekki fyrir í málinu.

Framangreint atferli ákærðs Þorsteins varðar við 7. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna, en ákærður Gunnlaugur hefir gerzt sekur við 8. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hvors um sig hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með tilliti til þess, að þetta er hið fyrsta hegningarlagabrot ákærðs Þorsteins, hið stolna er lítils virði og skaðabætur hafa þegar verið greiddar samkvæmt kröfu stöðvarstjórans, þykir mega ákveða svo, að refsing hans sé skilorðsbundin, samkvæmt ákvæðum laga nr. 39, 1907. Þá greiði og ákærðir in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns sem (sic) hér fyrir réttinum, Ingólfss Jónssonar, cand. jur., er ákveðast kr. 50,00. —

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Mánudaginn 12. apríl 1937.

Nr. 159/1936. **Réttvísinn** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Haraldi Axel Jóhannessyni

(Eggert Claessen)

Maður dæmdur fyrir brot gegn 177. gr. sbr. 174. gr. hegningarlaganna. Refsingin metin með hliðsjón af 40. gr. hgl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. júní 1936: Haraldur Axel Jóhannesson sæti betrunarhúsvinnu í 10 mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-